



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## HUGVÍSINDASVIÐ

Stefna Hugvísindasviðs  
samþykkt á sviðsþingi  
23. maí 2017

## NÁM OG KENNSLA

Hugvísindasvið fylgir stefnu HÍ 21 og leggur áherslu á krefjandi nám, jákvæða námsupplifun nemenda og gæði prófgráða á öllum námsstigum. Sviðið hvetur til opinnar umræðu um kennsluhætti og styður við framþróun og nýsköpun í kennslu þar sem nýir miðlar eru nýttir til að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði nemenda í námi. Hér á eftir eru nokkur sérstök markmið sviðsins sem bætast við þau sem skólinn hefur sett sér sem heild, ásamt aðgerðum til að ná þessum markmiðum. En umfram allt leggur sviðið áherslu á mikilvægi aukinnar fjármögnunar, eigi að tryggja áframhaldandi gæði náms og kennslu.

### Markmið

Gæði náms og kennslu fái aukið vægi og stuðning í starfi á sviðinu.

### Aðgerðir

Gæði náms og kennslu fái aukið vægi og stuðning í starfi á sviðinu.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Námskeið sviðsins verði hækkuð í sama reikniflokk og sambærileg námskeið við önnur svið.</li><li>• Kennsluþing sviðsins verði haldið einu sinni á ári þar sem nýjungar í kennslu verða kynntar og umræða um gæðamál í kennslu.</li><li>• Viðmið vegna tíma í fámennum námskeiðum verði endurskoðuð, krefjist námið þess.</li><li>• Kennslufræðilegur stuðningur aukinn við akademíska starfsmenn, m.a. með markvissri samvinnu við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.</li><li>• Faglegur stuðningur við stundakennara aukinn og umgjörð stundakennslu styrkt.</li><li>• Deildir, námsbrautir og greinar geri áætlanir um bættu (breyttu og fjölbreyttu) kennsluhætti.</li><li>• Deildir nýti kerfisbundið ábendingar nemenda um námið og haldi reglulega samráðsfundi með þeim til að auka gæði kennslu.</li><li>• Hugað verði að hvatakerfi sem umbuni fyrir góða kennslu.</li><li>• Samráð og samvinna kennara sviðsins verði aukin, t.d. með því að efla rabbfundi kennslumálanefndar Hugvísindasviðs.</li></ul>
Bættar aðstæður til kennslu og náms.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Húsnæði taki mið af breyttum kennsluháttum, t.d. með betri tæknaðstöðu og auknum sveigjanleika í nýtingu rýmisins.</li><li>• Sviðið kortleggi þarfir allra greina m.t.t. kennsluáðstöðu og forgangsraði.</li><li>• Skipulag náms og upplýsingagiöf til nemenda taki tillit til þess að nemendur geti tekið námskeið þvert á deildir og námsbrautir.</li><li>• Kennsluskráin verði bætt með það fyrir augum að nemendur hafi betri yfirsýn yfir þau námskeið sem eru í boði á sviðinu öllu, t.d. með útgáfu kennsluskrár í pdf-formi.</li><li>• Öflug kynning á námi sviðsins fyrir nemendur annarra sviða. „Ugluspegill“ verði settur á laggirnar, þannig að nemendur annarra sviða geti kynnt sér námsframboð sviðsins á Uglunni.</li><li>• Fjölga vettvangsferðum og námskeiðum erlendis sérstaklega í erlendu tungumálunum.</li><li>• Nemendur fá meiri ráðgjöf við val á námskeiðum til að ýta undir fjölbreytni í vali á námskeiðum með tilliti til framtíðaráforma þeirra.</li><li>• Mótuð verður afstaða til þess hvort sviðið bjóði upp á fjarnám, og hvort almennt verði gerðar upptökur á námskeiðum.</li></ul>
Tengsl kennslu og rannsóknna	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sviðið leggur áherslu á að nemendur séu búnir undir rannsóknir, m.a. með sérstökum námskeiðum um rannsóknaraðferðir.</li><li>• Kennarar eru hvattir til að fá nemendur til liðs við sig í rannsóknaverkefnum.</li><li>• Sviðið beiti sér fyrir því að sjóðir Háskólans verði styrktir (kennslumálasjóður, aðstoðarmannasjóður, rannsóknarsjóður) til að fjölga nemendum á öllum námsstigum sem taka þátt í rannsóknarverkefnum kennara.</li><li>• Öllum kennurum verði gert kleift að tengja rannsóknir og kennslu, líka í greinum þar sem einvörðungu er boðið upp á grunnnám.</li></ul>
Auka tækifæri nemenda til þátttöku í alþjóðastarfi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Deildir og námsbrautir taki í auknum mæli þátt í sameiginlegum alþjóðlegum meistaranámsleiðum.</li><li>• Alþjóðleg netnámskeið verði nýtt í námi þar sem við á.</li></ul>

---

Aukin samvinna milli deilda og námsbrauta

- Einstakar deildir meti hvort auðvelda megi nemendum að stunda tungumálanám sem hluta af námi til að auka faglega hæfni.
  - Deildir og námsbrautir vinni betur saman til að auka fjölbreytni í námsvali.
  - Nemendur séu hvattir til að taka námskeið þvert á skil milli deilda og námsbrauta.
  - Öflug kynning á námi sviðsins fyrir nemendur annarra sviða, með sérstakri áherslu á tungumálanám.
-

## RANNSÓKNIR – DRIFKRAFTUR NÝRRAR ÞEKkingAR

Hugvísindasvið fylgir stefnu HÍ21 og leggur áherslu á að frjáls þekkingarleit og vísindastarf sem hefur í heiðri siðareglur vísinda er grunnur að starfi rannsóknaháskóla. Sviðið vill auka samgang og bæta samvinnu þátttakenda í rannsóknum, þ.m.t. doktorsnema, efla stoðþjónustu og annan stuðning við rannsóknir á sviðinu og auka sýnileika þeirra, efla teymisvinnu og styrkjasókn, ýta undir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf og hlúa að þeim sem standa að stórum rannsóknarverkefnum.

### Markmið

Rannsóknainnviðir<sup>1</sup> eflir með tryggri fjármögnun, öflugum rekstri og skilvirkri samnýtingu

Árangur og gæði rannsóknastarfs metin á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingar-sköpunar og mismunandi birtingarhefða

Nýsköpun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna eflid á öllum fræðasviðum

Stuðningur við styrkjasókn og stjórnun rannsóknarverkefna aukinn og sniðinn að þörfum rannsakenda

Deildir og námsleiðir samþætti markvisst rannsóknir og kennslu

### Aðgerðir

- Bæta aðstoðu fyrir doktorsnema, nýdoktora, erlenda og innlenda fræðimenn og þátttakendur í rannsóknum.
- Tryggja að húsnæði stuðli að eðlilegum og tíðum samgangi og samvinnu samstarfsfólks í rannsóknum, þ.m.t. doktorsnema
- Skýra þátt rannsóknastofnana og Hugvísindastofnunar í verkefnum, einkum hvað stuðning við rannsóknir varðar
- Birta á heimasíðum stofnana upplýsingar um rannsóknarverkefni, rannsakendur og styrkveitendur

- Leita leiða til þess að matskerfi HÍ taki tillit til starfa í þágu samfélagsins, til dæmis starfa við miðlun fræðanna til almennings.

- Efla þverfaglegt samstarf og teymisvinnu innan sviðsins, t.d. með því að koma á fót vinnuhópum á Hugvísindaþingi til að undirbúa samstarfsverkefni og umsóknir, erlendar sem innlendar.
- Efla samstarf við önnur fræðasvið á háskólastigi eða fræðimannasamfélög innan lands sem utan.

- Efla miðlun upplýsinga til nemenda og kennara um styrki.
- Auka aðstoð við styrkjaumsóknir, þ.m.t. með aukinni bókhalds- og rekstraraðstoð við viðamiklar og flóknar styrkveitingar.
- Kanna leiðir til að nemendur fái styrki til að aðstoða við rannsóknarverkefni, ráðstefnuhald o.þ.h. á álagstímum.
- Tryggt verði að þeir sem taka þátt í stórum rannsóknarverkefnum geti sinnt þeim af fullum krafti og fái t.d. afslátt af kennslu.
- Umbuna fyrir viðleitni til að afla styrkja, einkum sterkar umsóknir sem eru nærri því að fá styrk.

- Efla tengsl rannsókna við grunnám; rannsakendur á tilteknu sviði kenni inngangsnámskeið á sama sviði til að grunnnámsnemendur kynnist rannsóknum gegnum kennarann.
- Efla þátttöku doktorsnema í rannsóknasamfélaginu með umgjörð á borð við leshópa, kaffifundi rannsóknahópa, óformlegar málstofur.
- Gera doktorsnema sýnilega með ljósmyndum á heimasíðu námsbrauta ásamt lýsingu á rannsóknum þeirra.
- Tryggt verði að framhaldsnemar fái umbun fyrir tilfallandi aðstoð við rannsóknarverkefni, t.d. fyrir undirbúning ráðstefna, útgáfu o.s.frv.

<sup>1</sup> Rannsóknainnviðir eru tæki, aðstaða, bókakostur, gagnagrunnar, þjónusta, kerfi, tölvunet og annað sem er nauðsynlegt fyrir rannsóknastarf á öllum fræðasviðum.

## VIRK ÞÁTTAKA Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI

Hugvísindasvið fylgir stefnu HÍ21 og tekur virkan þátt í samfélagi og atvinnu- og menningarlífi. Lögð verður áhersla á að miðla niðurstöðum rannsókna og nýsköpunar með fjölbreyttum hætti, efla kynningu á starfi sviðsins og nýta sérfræðipækkingu til að takast á við áskoranir samtímans og í umræðu um brýn samfélagsmál.

### Markmið

Háskólinn sé leiðandi afl í framþróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsakennda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs

Margvísleg vísindamiðlun nýtt til að örva áhuga og þekkingu á vísindum, stuðla að hagnýtingu þeirra og efna til fjölbreytts vísindasamstarfs

Fjölbreyttum aðferðum beitt til að sérfræðipækking Háskólans nýtist við ákvarðanir sem varða stefnumörkun, samkeppnishæfni og farsæld samfélagsins

Frjótt og gagnkvæmt samstarf og samræða við fyrri skólastig

### Aðgerðir

- Stuðla að áframhaldandi samstarfi starfsfólks og nemenda við atvinnulíf, stofnanir og stjórnvöld, m.a. með því að akademískir starfsmenn fái þjónustustig fyrir þessi störf.
- Skipulagt hollvinastarf nýtt til að styrkja tengsl við núverandi og fyrirverandi nemendur og aðra velunnara skólans.

- Starfsfólk hvatt til að kynna rannsóknir sínar fyrir almenningi og fái fyrir það þjónustustig.
- Leitað leiða til að miðla þekkingu og rannsóknum á fjölbreyttan hátt.
- Boðið verður upp á námskeið þar sem nemendur fá þjálfun í miðlun hugvísinda.
- Efla kynningu á Hugvísindaþingi og Hugarás.
- Efla samstarf deilda sviðsins við Vísindavefinn.
- Stuðlað að aukinni þátttöku nemenda í samfélagsverkefnum sem tengjast þeirra fræðasviði.

- Rannsóknarniðurstöður verði gerðar aðgengilegri, t.d. með kynningu á Hugarás og/eða Vísindavefnum.
- Staðinn verði vörður um íslensku sem fræðatungumál.
- Starfsfólk sviðsins taki virkan þátt í umræðu um brýn viðfangsefni samtímans og hafi gagnrýna hugsun að leiðarljósi.

- Styrkja tengsl námsgreina við faggreinakennara í framhaldsskólum.
- Efla kynningu á hugvísindum í grunn- og framhaldsskólum.

## MANNAUÐUR

Árangur Hugvísindasviðs byggist á þeim auði sem býr í starfsfólki og nemendum. Það er sviðinu því kappsmál að laða til sín hæft starfsfólk og stúdenta og hlúa að þeim með því að bjóða starfsumhverfi sem stuðlar að velferð, jafnrétti og heilbrigði.

### Markmið

Stjórnendur geri starfsfólki og nemendum kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð

Hvetjandi, umhverfisvænt og skemmtilegt starfsumhverfi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan starfsmanna og stúdenta

Uppbygging háskólasvæðisins stuðli að samheldnu háskólasamfélagi

Jafnrétti og fjölbreytileiki í fyrirrúmi við uppbyggingu háskólasamfélagsins

Áhersla lögð á að efla stjórnun, gæðiferla og nýtingu upplýsingatækni

### Aðgerðir

- Skipulagning funda, stundataflna og prófa verði gerð með hliðsjón af samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar starfsmanna og stúdenta
- Styðja nemendur í baráttunni um að námslán eigi að nægja til að framfærslu svo þeir geti einbeitt sér að náminu.

- Félagslíf eft, t.d. með stofnun starfsmannafélags.
- Mannauðsmál efla og stefna mótuð til að auka samheldni og samgang
- Auknir möguleikar á starfsþróun innan stjórnáslu sviðsins, s.s. með endurmenntun.
- Samskiptaáætlun innleidd undir leiðsögn starfsmannasviðs
- Skipaður verði trúnaðarmaður.
- Hvatt til sameiginlegra funda og verkefna starfsfólks sviðsins.
- Starfsmannasamtöl verði með reglubundnum hætti.

- Bæta aðstöðu fyrir reiðhjólafólk.
- Leitast við að hugvísindafólk vinni sem mest á sama stað.

- Auka þekkingu stjórnenda á jafnréttismálum í víðum skilningi.
- Samvinna efla milli kennslunefndar og jafnréttisnefndar.
- Aukin áhersla á þarfir nemenda af erlendum uppruna og þjónusta við þá efla.
- Upplýsa nýtt starfsfólk um réttindi og skyldur, bjóða þeim mentor.

- Skilgreina og styrkja starf deildarforseta.
- Styðja við stjórnendur á mismunandi stigum (verkefna, námsbrauta, greina o.s.frv.).